

Mál nr. 407/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging sjómanna.

Heiti váttryggingartaka (X)

Slyshugtak váttryggingaréttar. Skyndilegur utanaðkomandi atburður.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 6. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V, dags. 27. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er á því byggt að 16. júlí 2023 hafi M orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá X og eigi því rétt á bótum úr slysáttryggingu sjómanna hjá V. Í því sambandi bendir M m.a. á að í skipsdagbók sé atvikinu lýst svo: „Á veiðum á Papagrunni kl. 16.30. Veður NA 3-5 m/sek. [M] er við vinnu á trolldekki. Hann er að losa frá poka, og er að kippa í kotlínuna. Hann fær slink í hægri öxlina og er verkjaður. Öxlin er kæld og hann fær verkjalyf. Hann er frá vinnu.“ Þá segi eftirfarandi í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 1. febrúar 2024: „28.7.2023 kemur [M] svo í skoðun á stofu undirritaðs og lýsir því að hann hafi verið að losa pokann þegar verið var að hífa um borð. Hann rykkir í bandið af afli og fær við þetta slink á hægri öxlina og fannst honum hann heyra eitthvað rifna.“ Telur M augljóst að framangreind skráning í skipsdagbók feli í sér lýsingu á slysi í skilningi slysáttryggingar sjómanna, enda komi þar skýrt fram að hann hafi fengið slink á hægri öxl. Verði þetta ekki skilið þannig að M hafi fengið slink á öxlina við það eitt að toga eða kippa í skotlínuna. Vill M meina að lýsingin í skipsdagbók beri það með sér að í raun sé um tvo atburði að ræða, annars vegar hafi M togað í skotlínuna og hins vegar hafi hann fengið slink á öxlina. Vísar er í Hrd. í máli nr. 45/2012 þessu til stuðnings. Til viðbótar bendir M á að í tilkynningu um slys á sjómanni til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 27. september 2024, sem undirrituð er af lögmanni M, hafi slysinu verið lýst þannig: „Slasaði var að losa frá poka með c.a. 15 tonna hal, hélt við skotlínuna þegar hreyfing kom á pokann og við það þungur slinkur á línuna og þar með á hægri handlegg/öxl slasaða.“ Einnig vísar M til þess að hann hafi ekki haft neina aðkomu að því sem skráð var í skipsdagbók. Þá hafi X vanrækt að tilkynna um slysið til Rannsóknarnefndar samgönguslysa eins og skylt var skv. 16. gr. laga nr. 18/2013. Telur M að samkvæmt almennum sönnunarreglum og dómaframkvæmd þurfi X og V að bera halla sönnunarskorti sem sú vanræksla kunni að leiða til. Telur M því að leggja beri til grundvallar að slysið hafi orsakast af utanaðkomandi hreyfingu skipsins og pokans sem verið var að hífa um borð. Þetta hafi valdið því að M fékk þungan slink á öxlina. Ekkert liggja því fyrir um að meiðsli M hafi orsakast af innra ástandi í líkama hans. Auk þessa telur M útilokað að hin alvarlegu meiðsli sem um ræðir, þ.e. rof á snúningssinum axlarinnar, hafi hlotist af því einu að hann hafi togað eða rykkjst í kotlínuna. Í þessu sambandi er einnig bent á að leiði ófullnægjandi eða ónákvæm skráning um atvik í skipsbók til ágreinings um það hvernig slys hafi atvikast, verði X og V að bera hallan af því. Þá lætur M þá skoðun einnig í ljósi að lýsing trúnaðarlæknis X á atvikun í framangreindu læknisvottorði mörgum mánuðum eftir slysdag breyti engu um framangreint. Að lokum bendir M á að Sjúkratryggingar hafi fallist á að umrætt slys sé bótaskyld.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 27. nóvember 2025, kemur fram að V telur að meiðsli þau sem M varð fyrir 16. júlí 2023 verði ekki rakin til slyss í skilningi slysáttryggingar sjómanna. Vísar V til framangreindra atvikalýsinga í skipsdagbók og læknisvottorði, dags. 1. febrúar 2024. V telur að þau atvik sem lýst er í skipsdagbók og í fyrstu komu til læknis 27. júlí 2023 falli ekki undir slyssaskilgreininguna þar sem ekki sé um neinn utanaðkomandi atburð að ræða sem veldur meiðslum. Sú aðgerð M að kippa í kotlínuna, eða rykkja í bandið af afli, teljist vera innri aðgerð, þrátt fyrir að hún kunni að hafa verið framkvæmd við erfiðar ytri aðstæður eins og hreyfingu skips og mikinn afla. V telur að þótt þunginn og hreyfingin hafi skapað erfiðar vinnuaðstæður hafi það verið virk aðgerð M að toga í línuna sem leiddi til álagsins. Atvikalýsingin sýni frekar álagsmeiðsli vegna vinnuaðgerðar við krefjandi aðstæður frekar en slys af völdum utanaðkomandi atburðar í skilningi váttryggingarskilmála. Þá er bent á að það komi fram í skipsdagbók að hægur NA vindur hafi verið og að engin gögn í málinu bendi til annars en að um eðlilegan velting hafi verið að ræða. Þá bendi M á að Sjúkratryggingar Íslands hafi viðurkennt bótaskyldu vegna slyssins. Vegna þessa tekur V fram að skilgreiningar á slysi geti verið mismunandi milli váttryggingakerfa og að Sjúkratryggingar Íslands starfi samkvæmt öðrum lögum og

reglum en V. Afstaða Sjúkratrygginga Íslands sé því ekki bindandi fyrir félagið varðandi túlkun á eigin vátryggingarskilmálum. Þá hafi M einnig haldið því fram að skráning atviksins í skipsdagbók hafi verið ófullnægjandi og að útgerð hafi vanrækt tilkynningaskyldu sína. Tekur V fram að það byggi afstöðu sína á þeim upplýsingum sem liggja fyrir í skipdagbók og læknisfræðilegum gögnum. Þótt skráning skipsdagbókar hafi verið fáorð þá breyti hún ekki því sem að framan greinir. V ítrekar að lokum þá skoðun sína að gögn málsins bendi ekki til þess að um slys í skilningi skilmálanna hafi verið að ræða.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr m.a. að því hvort líkamstjón það sem M varð fyrir við störf sín 16. júlí 2023 teljist vera af völdum slyss í skilningu slysatryggingar sjómanna hjá V. Í þeim skilmálum sem giltu um trygginguna er hugtakið slys þannig skilgreint: „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.“ Að gefnu tilefni bendir nefndin á að mikilvægt er að greina þessa skilgreiningu frá slyshugtakinu í lögum um slysatryggingar almannatrygginga, en þar var orðinu „utanaðkomandi“ skipt út fyrir orðið „óvæntan“ með lögum nr. 108/2021 sem breytti 1. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga. Með framangreindu skilyrði að líkamstjónið verði rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar er átt við atburð sem felur í sér frávik frá þeirri atburðarás sem tjónþoli mátti reikna með miðað við það sem venja er við þær aðstæður sem uppi eru. Eins og fram hefur komið er eftirfarandi atvikalýsing að finna í skipsdagbók: „Á veiðum á Papagrunni kl. 16.30. Veður NA 3-5 m/sek. [M] er við vinnu á trollekk. Hann er að losa frá poka, og er að kippa í kotlínu. Hann fær slink í hægri öxlina og er verkjaður. Öxlin er kæld og hann fær verkjalyf. Hann er frá vinnu.“ Þá segi eftirfarandi í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 1. febrúar 2024: „28.7.2023 kemur [M] svo í skoðun á stofu undirritaðs og lýsir því að hann hafi verið að losa pokann þegar verið var að hífa um borð. Hann rykkir í bandið af afli og fær við þetta slink á hægri öxlina og fannst honum hann heyra eitthvað rifna.“ Telur nefndin að ekki verði dregin önnur ályktun af þessum frumgögnum en að atvik málsins liggja ljós fyrir. Að gefnu tilefni telur nefndin að atvikalýsing í skipsdagbók sé skýr. Seinna tilkomnar upplýsingar og atvikalýsingar sem stafa frá M breyta ekki framangreindu. Nefndin telur því að líkamstjón M sé tilkomið vegna þess að hann fékk slink á öxlina þegar hann kipti af afli í kotlínuna. Þetta leiðir aftur til þess að nefndin telur að ekki sé uppfyllt það skilyrði að um sé að ræða líkamstjón af völdum skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi framangreinds slyshugtaks. M á því ekki bótarétt úr slysatryggingu sjómanna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V vegna afleiðinga líkamstjóns sem hann varð fyrir við vinnu sína hjá X, 16. júlí 2023.

Reykjavík, 11. febrúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir